



Aðgerðaráætlun Handknattleiksdeildar

Framkvæmd heimaleikja á tímum COVID-19



Reglugerð HSI

Tekið er mið af reglugerð HSI, sem sett var í gildi janúar 2021.

Til samræmis við 5. gr, reglugerðarheilbrigðisráðherra nr. 5/2021 dags. 11. janúar 2021 er óheimilt að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum.

Leitast skal við að skipta íþróttahúsi upp í eftirfarandi svæði eins og hægt er og skal enginn samgangur vera milli svæða:

Svæðin eru tvö; Innra svæði: Klefar 1-4, anddyri og leikvöllur.

Ytra svæði: Áhorfendapallar, svalir, fjölmiðlastúka og almenn rými utan vallar.

Lokað er á milli svæði og skýrar merkingar um að enginn samgangur skuli vera á milli.



Innra svæði - starfsmenn

Aðgang að þessu svæði hafa þátttakendur leiks og starfsmenn þeir sem tilgreindir eru á lista.

- Umsjónarmaður leiks / sóttvarnarfulltrúi: Kristín Aðalsteinsdóttir
- 40 leikmenn / starfsmenn liða
- 2 starfsmenn á ritaborði
- 1 starfsmaður á moppu
- 3 dómara / eftirlitsmenn
- 2 starfsmenn vegna sjónvarpsútsendinga*
- 1 ljósmyndari

*ef ekki er sjónvarpsútsending verða engir starfsmenn á innra svæði vegna útsendingar

Samtals: 50 starfsmenn



Ytra svæði - starfsmenn

Aðgang að þessu svæði hafa þátttakendur leiks og starfsmenn þeir sem tilgreindir á lista.

- Umsjónarmaður ytra svæðis / sóttvarnarfulltrúi: Bjarni Hallgrímur Bjarnason
- 2 starfsmenn vegna tölfræði (HB statz)
- 4 starfsmenn fjölmiðla (aðrir en sjónvarpsrétthafar)
- 1 fulltrúi HSÍ / ÍSÍ / Almannaþing
- 4 fulltrúar félaga (2 fulltrúar hvors félags)*
- 2 starfsmenn félags vegna tónlistar / þular

- Starfsmenn útsendinga (6 hámark)

*Fulltrúar félaga sem ætla að mæta á leikstað skulu tilkynna sig til heimaliðs að morgni leikdags

Samtals: 20 starfsmenn



Aðgangsstýring

Leikmenn, þjálfarar og liðstjórn ganga inn um húsið í gegnum merkta innganga B og fara beint inn í klefa síns liðs.


Dómarar koma sömuleiðis inn í húsið í gegnum inngang B.

Fulltrúar félaga, fjölmiðlamenn og aðrir á ytra svæði notast við almennan miðasöluinngang (A).

Sóttvarnarsvæðin eru tvö; Innra svæði: Klefi 1-4, anddyri og leikvöllur.
Ytra svæði: Áhorfendapallar, svalir, fjölmiðlastúka og almenn rými utan vallar.
Samgangur á milli svæða er stranglega bannaður.



Austurberg




A: Inngangur á ytra svæði
B: Inngangur á innra svæði



Inngangar

A



B





Klefar

Almennt skulu **heimalið** nota klefa:

- Leikir karla: **klefi 4**
- Leikir kvenna: **klefi 1**

Almennt skulu **útilið** nota klefa:

- Leikir karla: **klefi 2**
- Leikir kvenna: **klefi 3**

Klefar eru sótthreinsaðir fyrir og eftir leiki og skulu vera læstir öllum nema þeim sem þurfa aðgang.



Almennt fyrir leiki

Grímuskylda er í húsinu. ÍR áskilur sér rétt að vísa starfsfólki úr húsi ef grímuskylda er ekki virt.

Ritaraborð og varamannabekkir eru sótthreinsaðir fyrir og eftir leiki og eru geymdir á innra svæði.

Bolti skal vera sprittaður fyrir og eftir leik og vera geymdur á innra svæði.

Skilti eru sett upp og tekin niður með einnota hönskum. Færa skal þau á innra svæði áður en lokað er á milli svæða.

Klefar eru sótthreinsaðir fyrir og eftir leiki og skulu vera læstir öllum nema þeim sem þurfa aðgang.

Afmarka þarf almennt fjölmiðlasvæði sem er á svölum á ytra svæði, sem og afmörkuðu fjölmiðlasvæði vegna viðtala eftir leik, ef þörf, í NA-horni salar.

Merkingar skulu vera settar upp fyrir leiki og vera sjáanlegar öllum stundum.



Hafa í huga

Æfingaleikir:

Skrá skal niður alla starfsmenn og leikmenn liða sem koma vegna æfingaleikja.

Hámark 6 starfsmenn á leik.

Áhorfendur bannaðir. Ef umgjörð þarf að vera meiri, skal fylgja sömu reglum og á keppnisleik.

Notast skal við sömu klefaskiptingu og á keppnisleikjum.

Útgangur B notaður við mætingu, útgangur A notaður eftir æfingaleiki til að forðast blöndun við hópa sem eru að mæta á æfingu.



Hafa í huga

Almennt:

Grímuskylda er í húsinu. ÍR áskilur sér rétt að vísa starfsfólki úr húsi ef grímuskylda er ekki virt.

Hvetja leikmenn og aðra sem koma í húsið til að þvo strax á sér hendur og spritta.

Forðast alla óþarfa snertingu og halda tveggja metra reglu þar sem kostur er.

Hvetja alla þá sem finna fyrir einkennum að halda sig heima og sækja COVID-19 próf er einkenni halda áfram.

Leikmenn deili ekki brúsum eða öðrum áhöldum að óþörfu.

Virða æfingartíma og starfsfólk, leyfa hóp að yfirgefa sal áður en næsti hópur kemur inn.



Það er von okkar að ÍR-ingar taki þessu ástandi með æðruleysi, jákvæðni og samheldni. Neikvæðni er ekki möguleiki og vandamál eru til þess að leysa þau, og það er það sem við munum gera innan handknattleiksdeildar ÍR.

Ef einhverjar spurningar vakna, ekki hika við að hafa samband:

Kristín Aðalsteinsdóttir / Bjarni Hallgrímur Bjarnason,
kristin.adalstein@gmail.com / bjarni@ir.is
8220072 / 776-0171